

Dagsetning
19.03.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um framleiðslu köfnunarefnisáburðar, mál 110.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur að framleiðsla á áburði gæti verið jákvæð fyrir byggðapróun, en forsenda framleiðslunnar er að um arðbæra atvinnustarfsemi sé að ræða. Það er æskilegt að við séum sem mest sjálfbær um þær vörur sem við þurfum í matvælaframleiðslu okkar eins og áburð. Ef áburðarframleiðsla reynist hagkvæm og fellur að markmiðum um orkuöflun, umhverfisþætti og eflingu matvælaöryggis, telur stofnunin að til greina komi að, ef það verður almennt viðhorf, að ríkið komi beint að fjármögnun verkefna af þessu tagi í samstarfi við sveitarfélög, fyrirtæki og félög bænda og einstaklinga, ef það er nauðsynlegt til að tryggja framgang málsins. Niðurstöður forkönnunar sem unnin var fyrir Hákjarna á Blönduósi benda hins vegar til að skilyrði til hagkvæmrar áburðarframleiðslu séu ekki fyrir hendi og að meginforsenda fyrir þessarri framleiðslu því ekki til staðar að óbreyttu orkuverði. Hins vegar er full ástæða til þess að fylgjast með breytingum á orkuverði og skoða málin aftur ef þar verða breytingar.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar